

Borgarráð 29.11.'18: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi sendingu jólakorta - R18110243

Lagt er til að skrifstofa borgarstjóra leggi af að senda pappírsjólakort þessi jól og fylgi þannig í fótspor annarra skrifstofa og sviða Reykjavíkurborgar og þar með skrifstofu borgarstjórnar meðtalinni. Þær hafa nú allar, eftir því sem næst er komist, komið sér upp þeirri venju að senda rafræn jólakort í tölvupósti. Með þessari tillögu er borgarfulltrúi Flokks fólksins að leita eftir hvar megi spara fé sem varið er í óþarfa svo nota megi það í önnur þarfari verkefni.